



RANNSÓKNARSTÖÐ HJARTAVERNDAR

HOLTASMÁRA 1 • 201 KÓPAVOGUR • SÍMI 535 1800 • FAX 535 1801



Fréttatilkynning:

GoRed fyrir konur á Íslandi - Forvarnir - Hjarta- og æðasjúkdómar



Landspítali Hringbraut er lýstur upp í **rauðum lit** ásamt Aðalbyggingu Háskóla Íslands til að minna á forvarnir gegn hjarta- og æðasjúkdómum hjá konum. Hjarta- og æðasjúkdómar eru algengasta dánarorsök kvenna á Íslandi líkt og annars staðar í heiminum. **GoRed** átakið miðar að því að fræða konur um áhættuþætti og einkenni og hvernig draga má úr líkum á þessum sjúkdómum. **GoRed** átakið er alheimsátak á vegum World Heart Federation. Verndari átaksins hér á landi er Ingibjörg Pálmadóttir, fyrrum heilbrigðisráðherra.

GoRed dagurinn verður haldinn hátíðlegur í Reykjavík og Akureyri næstkomandi sunnudag þann 21. febrúar

Reykjavík: Aðalbygging Háskóla Íslands
Dagskráin stendur frá 13:30 til 15:00

Meðal atriða:

- Dúndursöngur kvenna
- Kristín Ingólfssdóttir rektor HÍ, fundarstjóri
- Vilborg Sigurðardóttir læknir, formaður GoRed
- Katrín Júlíusdóttir iðnaðarráðherra
- Axel Sigurðsson hjartasérfræðingur
- Ingibjörg Pálmadóttir verndari Go Red

Kynningar, gjafir og fræðsla ásamt tiskusýningu frá Karen Millen og Day.

Akureyri: Hótel KEA
Dagskráin stendur frá 14:00 til 15:50

Meðal atriða:

- Kvennakór Akureyrar
- Bryndís Ásmundsdóttir leikkona, fundarstjóri
- Gunnar Þór Gunnarsson hjartasérfræðingur
- Þórunn S. Ólafsdóttir, hjartasjúklingur
- Jóhanna Kristjánsdóttir, hjúkrunarfræðingur
- LA sýnir atriði úr Rocky Horror

Ýmsir atburðir fyrir konur víðsvegar um bæinn, meðal annars stafgöngukennsla, skíðagöngunámskeið og salsa.

Nánari upplýsingar veita:

Bylgja Valtýsdóttir upplýsingafulltrúi Hjartaverndar s 8989632 - www.gored.is

Brynja Harðardóttir verkefnastjóri markaðs- og kynningar sviðs -Háskólinn á Akureyri 460 8017/ 6617704